

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síduskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.06.2016 11. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Síðustu skóladagarnir eru að renna upp og aðeins ein vika eftir af skólaárinu þegar þetta fréttabréf berst til ykkar. Á næstu blaðsíðu er skipulag umhverfisdaganna sem eru 1. og 2. júní og gott er að kynna sér það vel. Mörgum finnst að þegar börnin hætta að sitja yfir námsbókunum sé formlegu skólastarfi lokið en það er ekki í hugum okkar sem störfum í skólanum. Markmiðið með umhverfisdögunum er að leggja aðrar áherslur í náminu, skoða ýmislegt í náttúrunni og hvað grenndarsamfélagið hefur upp á að bjóða. Einnig er slíkt uppbrot gott til að efla félagsþroska nemenda.



Af starfsmannamálum er það að fréttastjóri Arnfríður Jóhannsdóttir sem verið hefur heimilisfræðikennari við skólann í fjöldamörg ár hefur sagt stöðu sinni lausri og einnig Laufey Hallfríður Svavarsdóttir en hún var í leyfi í vetur. Gunnella kemur aftur til starfa í myndmenntakennsluna í haust. Enn á eftir að ráða í nokkrar stöður en þær eru aðallega í sérdeildinni þar sem samsetning nemendahópsins kemur til með að breytast þar í haust. Skóladagatalið fyrir næsta skólaár er komið á heimasíðuna og einnig skýringar sem fylgja því.

Á morgun tökum við á móti Grænfánanum í sjötta skiptið. Umhverfisnefnd skólans sendi frá sér greinargerð í apríl og síðan í byrjun maí komu aðilar frá Landvernd og tóku út starfið. Miðað við þá umfjöllun sem við fengum þá getum við verið stolt af okkar umhverfisstarfi í skólanum.

Þar sem þetta er síðasta fréttabréfið á skólaárinu vil ég þakka ykkur kæru nemendur og foreldrar fyrir samstarfið á þessu skólaári sem senn er að ljúka. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við ykkur á næsta skólaári en það hefst með skólasetningu þann 22. ágúst. Einnig vil ég nota tækifærið og bjóða nýja nemendur velkomna í skólann en þetta er fyrsta fréttabréfið sem berst til foreldra nemenda í tilvonandi 1. bekk. Að lokum óska ég þeim nemendum sem eru að fara frá okkur góðs gengis í nýjum skóla.

Megið þið eiga ljúfa og góða daga í sumarleyfinu!

Ólöf Inga

Skólaslit vorið 2016

verða föstudaginn 3. júní sem hér segir:

Nemendur í 1. - 4. bekk mæti kl. 9.00

Nemendur í 5. - 9. bekk mæti kl. 10.00

Nemendur í 10. bekk mæti kl. 15.00 í Gleráarkirkju

Skólastjóri flytur stutt ávarp á sal og að því loknu hitta nemendur umsjónarkennara í bekkjarstofum og taka við vitnisburði. Áætlað er að þessi stund vari í klukkustund.

Nemendur í 10. bekk mæta kl. 15:00 í kirkjunni á útskriftarathöfn 10. bekkjar. Foreldrar mæta að sjálfsögðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.

Að lokinni útskrift er öllum boðið í kaffi í mötuneyti skólan. Það er 10. bekkur og aðstandendur sem sjá um bakkelsið.



Á döfinni í júní

1. - 2. júní	Umhverfis dagar
3. júní	Skólaslit

Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir



Foreldrar athugið:

Enn eru ýmsir óskilamunir í skólanum eftir veturinn. Þeir verða á borðum á göngunum á skólaslitunum. Einnig tertuföt sem eru enn í skólanum eftir vorhátíðina.

UMHVERFISDAGAR 2016

Hér fyrir neðan er dagskrá fyrir umhverfisdagana 1. og 2. júní.

Grillaðar pylsur verða fimmtudaginn 2. júní í boði fyrir alla.

Skóladeginum lýkur kl. 13.00 báða þessa daga og þeir sem eru skráðir í Frístund fara þangað.

Miðvikudagur 3. júní	Fimmtudagur 4. júní.
1. bekkur Farið á fjölskyldusvæðið við Akureyrarlsundlaug. Leikir á lóð Brekkuskóla.	1. bekkur Tjaldað við Álfhól/nesti. Grill í Síðuskóla.
2. bekkur Strætó í innbæinn. Sigla bátunum, sem nemendurnir smíðuðu.	2. bekkur Leikið á lóð Glerárskóla (hugsanlega hjólaferð). Leikir á skólalóð Síðuskóla Kubbur, hjólaþrautir, snú snú. Grill í Síðuskóla.
3. bekkur Háskólinn. Síðan farið á leiksvæði Glerárskóla.	3. bekkur Fara með strætó í bæinn. Skoða Lystigarðinn. Grill í Síðuskóla.
4. bekkur Golfkennsla á golfvellinum.	4. bekkur Hjóla-eða gönguferð í Lögmannshlíð. Gróðursetning á birkiplöntum Grill í Síðuskóla.
5. bekkur Ferð í Minjasafnið og Siglingaklúbbinn.	5. bekkur Skoðunarferð í Rauða krossinn á hjólum. Ís og leikir. Grill í Síðuskóla.
6. bekkur Göngutúr í Bárufell. Farið í Sílabás, grillaðir ham-borgarar.	6. bekkur - Þrautir í íþróttasalnum í umsjón umsjónarkennara (Minute to win it). Ísferð. Grill í Síðuskóla.
7. bekkur Hjóla- eða gönguferð í Kjarnaskóg, grillað þar.	7. bekkur Ratleikur í bænum. Grill í Síðuskóla.
8. bekkur Ferð í Naustaborgir. Nesti í Lystigarðinum og sund í Akureyrarlaug.	8. bekkur Ljósmyndasamkeppni. Grill við Síðuskóla.
9. bekkur Farið í sund í Sundlaug Akureyrar. Ísferð.	9. bekkur Hjólað í Kjarnaskóg. Grill við Síðuskóla.
10. bekkur Bíó.	10. bekkur Dagskrá á vegum umsjónarkennara. Grill í Síðuskóla.

Afhending Grænfánans 31. maí

Ágæti viðtakandi

Priðjudaginn 31. maí fær Síðuskóli afhentan Grænfánann í sjötta skiptið. Af þessu tilefni er þér boðið að vera viðstaddur athöfn **kl. 10.00** í íþróttahúsi skólans.



Fáninn er aðeins veittur þeim skólum sem vinna að umhverfismennt og ná árangri og setja sér sífellt ný markmið til að vinna að. Í lok apríl sendi skólinn frá sér greinargerð þar sem tíundað var hvað gert hefur verið síðast liðin tvö ár. Í maí komu Katrín Magnúsdóttir og Caitlin Wilson sem eru starfsmenn Landverndar og skoðuðu skólann og spjölluðu við nemendur og starfsmenn. Fram kom mikil ánægja með starfið í skólanum og okkur tilkynnt að við myndum flagga Grænfánanum áfram næstu árin.

Síðuskóli fékk afhentan Grænfánann 25. apríl 2006 en hann er alþjóðlegt umhverfismerki samtakanna FEE (Foundation for Environmental Education). Fánanum er ætlað að auka veg umhverfismenntar og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Hann er veittur þeim skólum sem hafa sett sér markmið í umhverfismálum og náð árangri.

Viða í Evrópu nýtur Grænfáninn virðingar sem táknið um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem stefna að Grænfánanum verða að leitast við að stíga skrefin sjö í umhverfismálum.

Síðuskóli stefnir að því að virðing fyrir umhverfinu verði sjálfsagður þáttur í öllu starfi stofnunarinnar og Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri verði framfylgt eftir bestu getu. Staðardagskrá 21 er forskrift að sjálfbærri þróun einstakra samfélaga á 21. öldinni. Hún snýst um vistfræðilega, efnahagslega og félagslega þætti.

Umhverfissáttmáli

Markmið umhverfismenntar í skólanum er að efla þekkingu, skilning og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Að hver einstaklingur spyrji hvað get hann geti gert til að stuðla að sjálfbærri þróun. Vinnubrögð og hegðun leiði til þess að við höfum jákvætt viðhorf til umhverfisins, berum virðingu fyrir því og finnum farsælar lausnir á vandamálum sem steðja að.



Nemendur og starfsfólk Síðuskóla

Mynd tekin við síðustu Grænfánaafhendingu

Grunnskólamót UFA er haldið árlega í Boganum í maí fyrir nemendur í 4.–7. bekk. Mótið fer fram á skólatíma og mæta krakkarnir til keppni með sínum kennurum. Keppt er í stigakeppni í hverjum árgangi og samanlagt.

Nemendur Síðuskóla stóðu sig með ágætum á mótinu sem haldið var 10. – 13. maí sl. Sautján nemendur Síðuskóla fengu boðskort frá UFA fyrir að hafa náð að vera á meðal tíu efst í mótinu. Þessum nemendum er boðið að æfa frítt hjá UFA. Æfingar fara fram á Þórsvellinum en nánari upplýsingar má sjá á ufa.is



Húsdýraverkefni í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk hafa verið að læra um húsdýr. Þau hafa fengið fræðslu um dýrin, smíðað sitt eigið dýr, búið til hugtakakort og sögur um dýrið sitt. Þegar verkefninu var lokið buðu þau foreldrum sínum í skólann í kaffi og kökur og sögðu þeim frá húsdýrunum.



Gangi ykkur vel 10. bekkingar!

Myndin er af 10. bekkingum og var hún tekin á árshátíð skólans í febrúar s.l. Flest þeirra hafa verið í skólanum í 10 ár sem er þó nokkur partur af heillri mannsævi.

Við óskum ykkur öllum í 10. bekk velfarnaðar á komandi árum!

Kærar kveðjur frá starfsfólki Síðuskóla.



Velkomnir tilvonandi 1. bekkingar!

Næsta haust mun 51 nemendi hefja nám í 1. bekk Síðuskóla. Á sama hátt og það er stór áfangi að útskrifast úr grunnskóla er það einnig stórt skref að hefja nám í grunnskóla. Við bjóðum ungu nýnemana velkomna í skólann með haustinu og hlökkum til að vinna með þeim næstu tíu árin eða svo.



Á matseðlinum í júní er boðið upp á eitthvað óvænt alla dagana sem fólkið í eldhúsinu töfrar fram. Síðasta skóladaginn verða grillaðar pylsur í boði fyrir alla.